1. fundur í Öldungaráði haldinn í Hraunseli

9. ágúst 2022 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir, formaður, Gylfi Ingvarsson, Guðlaug Steinsdóttir, Helga Ragnheiður Stefánsdóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir, Valgerður M. Guðmundsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

Fjarverandi:

Ritari:

Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Dagskrá:

1. **Fundargerðir og vinna frá síðasta kjörtímabili kynnt nýjum ráðsmönnum.**

Valgerður býður alla velkomna og sérstaklega nýja fundarmenn og kynnir starfsemi og verkefni ráðsins og fór yfir það sem var gert og tekið til umsagnar og umræðu á síðasta kjörtímabili.

Samþykkt er að funda annan þriðjudag í hverjum mánuði kl. 14:30 í Hraunseli.

2. **Beiðni um umsögn.**

Máli vísað til Öldungaráðs til umræðu.

„Bæjarstjórn vísaði á fundi sínum 8. júní sl. eftirfarandi tillögu til fjölskylduráðs og skipulags- og byggingaráðs:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hraðað verði vinnu við uppbyggingu íbúða fyrir eldra fólk og hjúkrunarheimili í ólíkum hverfum bæjarins, sbr. á Sólvangssvæði, í Hamranesi og á Völlum og á Hrafnistusvæðinu. Mikilvægt að hafa fjölbreytta íbúðasamsetningu í boði fyrir eldra fólk í Hafnarfirði. Tillögunni er vísað til nánari úrvinnslu í fjölskylduráði og skipulags- og byggingarráði.

Öldungaráð fagnar tillögu bæjarstjórnar og minnir á ályktun frá ráðstefnu Öldungaráðs og Félags eldri borgara sem haldin var 10. mars 2022 og umsögn frá Öldungaráði þann 16. mars 2022 þar sem fram kemur hve mikilvægt sé, að til sé fjölbreyttari búsetumöguleikar og húsnæði fyrir eldri borgara sem taki mið af kaupum og leigu á viðráðanlegum kjörum.

Öldungaráð lýsir yfir ánægju með að vera haft með í ráðum um skipulags- og byggingarmál en Félag eldri borgara hefur áður minnt á sig í þeim efnum bæði í ræðu og riti.

3. Önnur mál

- Vegna umræðna á fundinum óskar Öldungaráð eftir nánari upplýsingum um fyrirkomulag á þjónustu í heimahúsum hjá eldri borgurum í Hafnarfirði.
-
- Gylfi fer yfir verkefnið Brúkum bekki og hvað er framundan og óskar eftir að fá að vera áfram í þessu verkefni fyrir hönd Öldungaráðs. Öldungaráð samþykktir að Gylfi verði áfram í verkefninu og lýsir yfir ánægju með starf hans og verkefnisins.
- Valgerður þakkar góðan fund og hlakkar til samstarfsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15